AÐDRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

2. Árg. 8. Tbl. 1976

100 Kr.

ALÞÝÐUVÖLD Í

ALBANÍU

2. grein sjá bls. 3

Uppsögn mjólkurbúðakvenna:

Barátta hafin !

Baráttan gegn uppsögnum, kvennabaráttan og stéttabaráttan eru eitt og hið sama. Á þessari sænsku mynd syngja vígreifar konur alþjóðasöng verkalýðsins.
(Kvinnobulletinen)

SAMSTAÐA MEÐ STARFSSTÚLKUM OG NEYTENDUM

Eins og fram kom í síðasta VERKALÝÐSBLAÐI, munu 167 starfsstúlkur hjá Mjólkursamsölunni missa atvinnu sína og félagsleg réttindi, þar sem fyrirhugað er að loka öllum mjólkurbúðum á svæði Samsölunnar þann 1. febrúar n.k. Síðan hefur það gerst, að fyrir frumkvæði baráttufólks úr röðum neytenda voru starfsstúlkur mjólkurbúðanna boðaðar á fund þann 29. júlí s.l. Á þessum fundi kom vel fram baráttuvilji og einhugur um að berjast gegn lokun mjólkurbúðanna, og voru mættar til fundarins margar starfstúlkur og nokkrir neytendur - alls um 60 manns. Á fundinum var kosinn starfshópur fjögurra kvenna úr ASB (Félagi afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum) og á ein þeirra sæti í stjórn ASB. Að auki skipa nefndina þrír úr hópi neytenda sem þarna voru. Fundurinn fól starfshópnum að skipuleggja sameiginlegar aðgerðir starfsstúlkna og neytenda. Var fyrst og fremst um að ræða söfnun undirskrifta til að mótmæla lokun mjólkurbúðanna og krefjast þess af Samsölunni að hún héldi rekstrinum áfram.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ náði tali af Elísabetu Bjarnadóttur, en hún er einn úr starfshópnum sem fundurinn kaus.

o

Vbl.: Hvað er að frétta af starfi starfshópsins?

EB.: Hópurinn hefur komið saman og ákveðið að halda opinn fund, þar sem boðað yrði saman allt fólk sem berjast vill gegn lokuninni, auk þess sem við höfum skipulagt undirskriftasöfnun. Fundurinn verður haldinn í Lindarbæ fimmtudaginn 12. ágúst. Við hvetjum fólk til að fjölmenna! Hópurinn taldi rétt að undirskriftum yrði safnað í sem flestum íbúðarhverfum Stór-Reykjavíkur, og einnig yrði staðið fyrir utan búðirnar með lista, þar sem sölustjóri Mjólkursamsölunnar hefur þegar bannað

frh. bls. 2

Elísabet Bjarnadóttir

VERKFALL verkfræðinga:

Borgin á sök á töfum við byggingaframkvæmdir

VERKALÝÐSBLAÐIÐ RÆDDI VIÐ GUNNAR H. GUNNARSSON VERKFRÆÐING HJÁ REYKJAVÍKURBORG OG FÉKK HJÁ HONUM EFTIRFARANDI UPPLÝSINGAR UM YFIRSTANDANDI VERKFALL VERKFRÆÐINGA:

Vbl.: Þið talið um aðgerð ykkar sem "punktaverkfall"; hvað er átt við með því?

GHG.: Þetta er í fyrsta sinn sem við beitum svokölluðu "punktaverkfalli", en í því felst að valdir eru til verkfallsins þeir menn sem vinna þau störf hjá Borginni sem síst er hægt að vera án. Hjá Borginni starfa alls 32 verkfræðingar.

Vbl.: Hvenær hófst verkfallið og hvernig voru samskipti verkfallsmanna og borgaryfirvalda eftir að það hófst?

GHG.: Verkfallið hófst 24. júní, er 2 menn sem yfirfara og stimpla teikningar lögðu niður vinnu. Verkfall þeirra hefur að miklu leyti verið brotið á bak aftur með eftirfarandi aðgerðum stjórnvalda Borgarinnar: Í júlíbyrjun komu Páll Líndal og Magnús Ólafsson lögfræðingur Borgarinnar, ásamt 2 lögreglumönnum, og sviðsettu komu viðskiptavina sem vildu fá teikningar stimplaðar. Þegar verkfallsvörður

frh. bls. 5.

LANDHELGISMÁLIÐ

BARÁTTUSAMTÖK Í FÆÐINGU

LIÐSMANNASAMTÖK VERÐA STOFNUÐ Í SEPT.

Innan skamms verða stofnuð baráttusamtök í landhelgismálinu. Það er árangur mikils starfs margra einstaklinga síðustu vikur og mánuði. EIK(m-l) hafa lengi bent á nauðsyn þess að skipuleggja baráttuna fyrir fiskverndun - gegn innlendri og erlendri rányrkju á miðunum umhverfis landið, og fagna því að þessum árangri er náð. Mikill baráttuvilji er fyrir hendi, enda er hér um að ræða afar brýnt hagsmunamál verkalýðs og alþýðunnar allrar. Reynt hefur verið áður að skipuleggja þessa baráttu, en þær tilraunir hafa farið út um þúfur. Er hér um að ræða fulltrúanefndirnar tvær - sællar minningar - sem ekki náðu til fjöldans og beinlínis spilltu fyrir með rangri pólitík. Hin nýju samtök hafa því í nestið reynslu þá er fékkst af þessum nefndum. Munu þau verða liðsmannasamtök, en ekki fulltrúanefndir. Þetta telja EIK(m-l) mun vænlegra til árangurs.

EIK(m-) og VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetja fólk til þess að ganga í hin væntanlegu landhelgissamtök og skipuleggja þannig baráttuna gegn rányrkjunni.

TÉKKÓSLÓVAKÍA: 8 ÁRA HERNÁM

sjá bls. 2

UPPBOÐSHALD Á JÖRÐUM

sjá baksíðu

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!
VERKALÝÐSBLAÐIÐ
MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)
RITSTJ. OG ÁBM. ALBERT EINARSSON.



KREPPAN: Hver græðir?

Verkafólk og annað vinnandi fólk veit vel hvernig lífskjörum og kaupmætti er komið. Ástandið fer sífellt versnandi. En tapi einhver, þá græðir annar; - tapi verkalýðurinn, þá græðir auðvaldið. Þetta má glöggt sjá af tvennu: Skattskránni og ársreikningum íslensku auðhringanna, svo sem Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, SÍS og Flugleiða.

SKATTAR.

Skattar einstaklinga hækkuðu um nærri 50% í heildina á árinu 1975 - en hins vegar eru það sömu bankar, atvinnurekendur, stóreignamenn og embættismenn sem engan tekjuskatt greiða! Sama gamla sagan endurtekur sig: vinnandi fólk ber sí-þyngri skattbyrði, en burgeisar greiða engan skatt, eða fá jafnvel greitt til baka frá ríkinu! Sum stór fyrirtæki greiða engan tekjuskatt. Þjóðviljinn fárast mikið yfir 0-skatti sumra, en hann getur svo boðið upp á nýja "vinstri" stjórn og nýjar byrðar þar með. Það er eins og fólki eigi að finnast hægara um að sjá á eftir afrakstri vinnu sinnar í auðhít þeirra Alþýðubandalagsmanna en annarra mögulegra aðila að ríkisstjórn. Nei, það eru ekki slíkir "falskir sósíalistar" sem breyta skattakerfinu, fremur en íhaldið, framsókn eða einhverjir aðrir borgaralegu flokkanna. Verkalýðurinn og alþýðan sjálf verður að breyta þessu með eigin baráttu.

AUÐHRINGARNIR.

Þegar litið er yfir ársskýrslur auðhringanna íslensku, sést hvar er að finna megnið af afrakstrinum af kaupráni verkafólksins og árangur af léttum álögum á fyrirtæki og eignamenn. Á þessu gildna sjóðir einokunarherranna.

Sölumiðstöðin (SH) flutti út á síðasta ári fyrir 13.7 milljarða króna og seldi fyrir meira en 17 milljarða. SH græddi því á tá og fingri, á sama tíma og atvinnuleysi eykst og kaupmáttur rýrnar í Bandaríkjunum.

SÍS jók heildarveltu sína um 7 milljarða á árinu, úr 15 í 22 milljarða króna. Hreinn tekjuafgangur var um 240 milljónir, en raunverulegan gróða má ráða nokkuð af því að afskriftir námu 337 milljónum og fjárfestingar skiptu milljónatugum. Ekki greiddi SÍS svo mikið sem eina krónu til kauphækkana af ágóðanum, því á þessum tíma lækkuðu laun í reynd.

Flugleiðir voru með heildartekjur upp á 12 milljarða, þar af yfir 500 milljónir í hreinan tekjuafgang. Þar fyrir utan eru svo 10-15 dótturfyrirtæki Flugleiða, sem flest arðræna erlendan verkalýð.

Dæmin sem hér hafa verið rakin lauslega, sýna svo ekki verður um villst, að kveinstafir atvinnurekenda og stórauðvaldsins um "enga greiðslugetu atvinnuveganna" er hvergi nærri sannleikanum. Kreppan hefur hvergi skaðað auðvaldið, heldur þvert á móti, hefur hún aukið gróða þess. Vilji menn því berjast gegn kreppu, verður að berjast gegn auðvaldinu - vilji menn útrýma kreppunni, verður að útrýma auðvaldinu. "Lausnarorð" Alþýðubandalagsins eru: fleiri auðhringar! Hjá Alþýðubandalaginu eru auðhringar til alls góðs vísir, bara ef íslenska auðvaldið hefur bréf upp á 51% eignarhlut í gróða þeirra, og ef í stjórnum þeirra og ráðum sitja íslenskir þjónar einokunarauðvaldsins. Gegn þessu verður að berjast!

TÉKKÓSLÓVAKÍA: 8 ára hernám



21. ágúst 1968 réðust hersveitir Varsjárbandalagsins inn í Tékkóslóvakíu. Í dag, átta árum eftir innrásina, eru enn um 50.000 sovéskir hermenn á tékkneskri grund.

Efnahagsumbætur Dubcek-stjórnarinnar miðuðu að því að minnka sovésk ítök í tékknesku efnahagslífi. Því svöruðu Kremlverjar með hernámi landsins og síðan hefur kúgun á tékkneskri

frh. bls. 5.

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!
VERKALÝÐSBLAÐIÐ
MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

ÁSKRIFTARVERÐ ER: Heilt ár - 600 kr. 1/2 ár - 300 kr.
LAUSASALA: 100 kr.
ÚTGEFANDI: Einingarsamtök kommúnista(marx-lenínista)
PÓSTFANG: Pósthólf 5186 - Reykjavík
AÐSETUR: Laugavegur 178 - 2.hæð sími 84210/35904

Stóriðja

EIK(m-l) og VERKALÝÐSBLAÐIÐ hafa all-oft fjallað um erlenda stóriðju. Stundum er látið í veðri vaka, hjá borgaralegum málpípum, að erlend stóriðja sé "lífæðin" okkar á tímum þverrandi fiskjar. Jafnvel er höfðað til bágra lífskjara verkafólks og atvinnuskorts, og talað um stóriðju erlendra auðhringa sem "bjargvætt".

En hvað dylst í raun og veru á bak við allt þetta?

Kommúnistar eru vissulega ekki á móti stóriðju sem slíkri. Í sósíalísku þjóðfélagi er stóriðja mikilvæg. En þar ræður verkalýðurinn og önnur alþýða gangi mála og snýr þeim sér í hag. Kommúnistar eru á móti erlendri stóriðju. Það er vegna þess, að með henni fá erlendir auðhringar yfirráð yfir mikilvægum þætti efnahagslífsins. Hringarnir ráða mörkuðum, hráefni og verði, þannig að eignaraðild ríkisins skiptir litlu. Sjálfræði vort skerðist og landið tengist enn sterkari böndum við stórveldin.

Menn velta oft fyrir sér orsökunum fyrir vaxandi áhuga ísl. auðvaldsins á erlendum fjárfestingum hér á landi. En þær eru ljósar. Sumpart er verið að "borga fyrir" aðstöðu íslenskra auðhringa erlendis (Sölumiðstöðvarinnar, SÍS, Flugleiða), en sumpart er um það að ræða að sala á orku og aðstöðu hérlendis er einfaldasta leiðin fyrir ein-



Stóriðjan er framtíðin. En stóriðja í höndum erlendra auðhringa er andstæð vinnandi fólki. Berjumst því gegn henni, fyrir sósíalismanum! (Klassekampen - ljósm.)

Stóriðjuhugmyndir Iðnþróunarnefndar

Framleiðsla:	Staður:	Hugsanlegt byggingarár:	Afköst í tonnum:	Orkunotkun í Gwst.	Kostnaður í þús. milj. $ = 165:
Málmbl. I.	Hvalfjörður	76	47.000	550	18
Álver I.	Straumsvík	80	11.000	200	14
Álver II.	Straumsvík	80	44.000	700	
Málmbl.	Eyjafj.	81	43.000	500	17
Málmbl. II.	Hvalfj.	83	47.000	550	17
Magnesium	Reykjanes	84	27.000	500	12
Álver I.	Reyðarfj.	86	50.000	800	13
Álver II.	Reyðarfj.	90	50.000	800	12

Hér má sjáinn í draumaheim þann sem auðvaldið íslenska vill raungera. Verði þeir draumar að veruleika, mun meirihluti iðnaðarframleiðslunnar, utan fiskframleiðslunnar, verða í höndum auðhringa frá Bandaríkjunum, Noregi, Sviss, Svíþjóð, o.s.frv. Aðeins eitt getur breytt stóriðjudraumum auðvaldsins í martröð: BARÁTTA VERKALÝÐS OG VINNANDI ALÞÝÐU!

Barátta hafin!

frh af bls 1.

starfsstúlkunum að hafa í frammi hvers konar áróður gegn lokun mjólkurbúðanna! Þegar fundarboðendur dreifðu auglýsingum um fundinn um daginn, var m.a. dreift flugriti í búðirnar og sumar starfsstúlkurnar vildu hengja þau upp í búðunum. Viðbrögðin voru snögg og hörð. Þeim var skipað að taka þetta snarlega niður og tekið fram að allur slíkur áróður væri bannaður! Á fundi starfshópsins var einnig saminn haus fyrir undirskriftalistana sem gengið verður með um borgina, og hljóðar hann svo:

"Við undirrituð, mótmælum lokun brauð- og mjólkurbúða á eftirtöldum forsendum:

1. Lokun mjólkurbúða mun hafa í för með sér verri þjónustu við neytendur, t.d. fækkun útsölustaða mjólkur, þar sem margir smákaupmenn munu ekki hafa bolmagn til að selja brauð- og mjólkurvörur. Lokunin mun einnig þýða lakara eftirlit og þar með eldri og lélegri vörur. Minna eftirlit mun einnig verða með hreinlæti og ekki er ósennilegt að mjólkurvörur muni hækka.
2. Atvinnu- og félagslegur réttindamissir 167 kvenna, sem hafa enga tryggingu fyrir annarri vinnu.

Við undirrituð, skorum því á stjórn Mjólkursamsölunnar að endurskoða afstöðu sína til þessa máls og halda áfram rekstri mjólkurbúðanna, þannig að full atvinna kvennanna í brauð- og mjólkurbúðum verði tryggð".

Vbl.: Fleiri tillögur voru uppi á fundinum; hvað er um þær að segja?

EB.: Margar raddir heyrðust um verkfall starfsstúlknanna, en starfshópurinn telur að það gæti orðið næsta aðgerð.

Vbl.: Í Þjóðviljanum 30. júlí er eftir þér haft, að "ekki hafi verið leitað beint til stjórnar ASB". Er þetta rétt hermt?

EB.: Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til þess að boða formann og stjórn ASB til fjöldafundarins um daginn, en formaðurinn var ekki á landinu. Nú höfum við náð sambandi við hana, en hins vegar hefur stjórn- og trúnaðarmannaráð ekki enn haldið fund um hvernig málin standa nú og afstaða stjórnar því óljós. Við í starfshópnum vonumst eftir fullum stuðningi stjórnarinnar, sem annars á að vera leiðandi afl innan ASB. Við höfum frá upphafi leitað eftir samstarfi við stjórnina og vísum á bug öllum dylgjum um annað.

Vbl.: Hvað er mikilvægast í þessu máli, frá þínum sjónarhóli?

EB.: Það er auðvitað mikilvægast, að 167 konur eru sviptar atvinnu sinni á tímum vaxandi atvinnuleysis, og enda þótt Kaupmannasamtökin gefi vilyrði fyrir því að þessar konur gangi fyrir um vinnu í búðum þeirra, þá er það engin trygging. Við vitum að í hverri mjólkurbúð vinna 2-3 og allt upp í 4 konur og að þeir kaupmenn sem bæta munu við sig mjólkurvörum munu í hæsta lagi bæta við sig einni starfsstúlku. Meirihlutinn af starfsstúlkum í mjólkurbúðum eru konur komnar um og yfir miðjan aldur, og hafa því vegna starfsaldurs síns áunnið sér rétt til hærri launa, en hinar yngri. Vegna þessa er ekki ólíklegt að kaupmenn sækist fremur eftir að ráða yngri konur til starfa. Ekki hefi ég heyrt eitt einasta orð frá ASÍ-forystunni um þetta mál. Þarna er þó um það að ræða að 167 félagar Alþýðusambandsins glati vinnu sinni og réttindum. Þetta ætti að kenna okkur að verkalýðshreyfingunni er ekki stjórnað með hagsmuni vinnandi fólks að leiðarljósi. Það er því ótækt að reiða sig á það að verkalýðsforystan kippi þessu máli í liðinn, fremur en öðrum slíkum. Hér dugar ekkert annað en alger samstaða láglaunafólksins.

Vbl.: Hver hefur verið hlutur fjölmiðlanna í þessu máli?

EB.: Mjög er farið að bera á því að í sumum blöðum sé reynt að gera mál þetta tortryggilegt; reynt er að eyðileggja samstöðuna sem náðst hefur gegn lokuninni. Stefán Björnsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar segir t.d. í viðtali í Morgunbl.: "Lögin, sem Alþingi samþykkti á síðasta vetri, gera ótvírætt ráð fyrir því að öll mjólkursala fari yfir í hendur kaupmanna og að yfirtökunni skuli lokið fyrir 1. febrúar 1977". Stefán minnist hins vegar ekki á það, að í þessum lögum er ekkert sem mælir gegn því að Samsalan haldi áfram rekstri mjólkurbúðanna. Gleymum því heldur ekki, sem Hallveig Einarsdóttir sagði í viðtali við VERKALÝÐSBLAÐIÐ, að mjólkurbúðirnar hafa aldrei verið reknar með tapi. Og þó þær yrðu nú reknar með tapi - einhvern tíma, þá spyr ég: Hver vorkennir Samsölunni, dótturfyrirtæki SÍS, sem einna flestum milljörðum veltir á landi hér, þótt þeir notuðu brot af gróða sínum til að sjá 167 brauðstritandi þegnum þjóðfélagsins fyrir tryggri atvinnu, og neytendum fyrir þjónustu.

Í Dagblaðinu 4. ág. s.l. má sjá eftirfarandi haft eftir Gunnlaugi Ólafssyni skrifstofustjóra Samsölunnar: "Margar verslanir í gamla bænum hafa enga möguleika á því að selja mjólk". Einnig sagði sá hinn sami að Samsölumenn gerðu sér vandann ljósan, sem af lokun búðanna leiddi, en hins vegar væru þeir sem búðirnar notuðu mest gamalt fólk sem litla mjólk keypti! Ekki taldi Gunnlaugur neinar líkur á því að ein og ein mjólkurbúð yrði skilin eftir í slíkum hverfum. Ég tel mig ekki þurfa að eltast við fleiri tilvitnanir í forkólfa Mjólkursamsölunnar, en læt lesendum eftir að dæma þessar aðgerðir Samsölunnar í ljósi slíkrar röksemdafærslu.

Ég vil svo að lokum benda á hve mikilvægt það er að launþegar og almenningur styðji við bakið á konunum 167, í þeirri baráttu sem fram undan er. Hvað er jafnréttisbarátta, ef ekki að berjast fyrir því að konur úr verkalýðsstétt haldi í sín grundvallarmannréttindi - atvinnu sér til viðurværis".

EIK(m-l) og VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetja allt alþýðufólk að sýna samstöðu:

Komið á baráttufundinn í Lindarbæ 12. ágúst 1976!

Hann hefst stundvíslega kl. 20.30 - nánar í fjölmiðlum.

TAKIÐ ÞÁTT Í STARFINU GEGN LOKUN MJÓLKURBÚÐA!

STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAU LÁGMARKSRÉTTINDI SEM NÆG OG TRYGG ATVINNA ER!

UTAN ÚR HEIMI

AZANÍA: P.A.C. GEGN VORSTER-klíkunni

Suður-Afríka heitir á alþýðumáli Azanía - þar suðurfrá. Nú geysa þar bardagar blakkrar alþýðu og vopnaðs liðs hinna hvítu auðkýfinga og kynþáttahatara. Kúgunin og pólitísk barátta hafa leitt til víðtækrar baráttu bæði í borgum og úti á landi. Hundruð blökkumanna eru myrtir. Það er PAC - hreyfingin, sem beitir sér fyrir vaxandi samfylkingu allra sem vilja alþýðustríð gegn afturhaldinu og heimsvaldastefnunni og frjálst alþýðulýðveldi í Azanía. PAC stendur gegn tilraun Ísrael og USA til að styrkja Vorster-klíkuna og jafnframt gegn Sovétríkjunum sem reyna að ota sínum viðskipta- og hernaðarhagsmunum, en afvegaleiða og sundra baráttusveitum. Þeir eiga liðlegar hlaupatíkur í SACP, azanska endurskoðunarsinnaflokknum, sem Vorster leyfir að starfa. (Kommunist júlí '76)

Grænland MÓTMÆLA SOVÉT

Grænlenskur æskulýður tók nýverið þátt í mótmælaaðgerðum gegn sovéskri rányrkju undan Grænlands ströndum. Aðgerðirnar voru tengdar komu sovéska húsnæðismálaráðherrans til Grænlands í júlíbyrjun. M.a. var mótmælt hinni gífurlegu rányrkju sovétmanna á ungkarfa undan Grænlandsströndum, svo sem íslenskir fiskifræðingar hafa t.d. sýnt fram á. Ráðherrann sá sig tilneyddan að lýsa því yfir að Sovétríkin myndu "fylgja öllum alþjóðareglum". Barátta grænlenskra samherja er mikilvægur þáttur í baráttu gegn drottnunarstefnu auðvaldsríkisins nýja í austri.

Klassekampen

Líbanon BIBLÍA EÐA KÓRAN

Enn einu sinni reyna talsmenn afturhalds, heimsvaldastefnu og kynþáttaofsókna að "búa til" trúarbragðastyrjöld. Fyrst var það söngurinn um trúarátök á Írlandi, sem í raun er alþýðustríð gegn bresku heimsvaldastefnunni. Nú er það Líbanon. Þar segir öll borgarapressan að slagurinn standi um Biblíu eða Kóran. En sannleikurinn er allur annar.

Borgarastyrjöldin í Líbanon er knúin fram af risaveldunum og líbanska afturhaldinu, sem tvístígur á milli þeirra. Í fyrstu var um borgarastyrjöld að ræða þar sem öfl vinsamleg Bandaríkjunum og Frakklandi voru knúin til að setjast að samningaborði, eftir að hafa reynt að styrkja drottnunaraðstöðu sína og herða kúgun á alþýðunni. Það voru þjóðlegir og framfarasinnaðir palestínskir og líbanskir þjóðfrelsisherir sem yfirtökum náðu og stóðu gegn landsölu og undirokun yfirstéttarinnar í Líbanon. Þeir höfðu stöðvað árásir falangista. En þá beittu bandarískir heimsvaldasinnar sýrlensku stjórninni sér í hag. Þeir lofuðu að fá Ísrael til að skila Golansvæðinu til Sýrlands og horfðu ánægðir á eftir sovéskum skriðdrekum og sýrlensku herliði brjóta sjálfræði Líbanon - með eggjunarorð Kremlarbænda í nestið. Stjórn Assads í Sýrlandi dreymir um Stór-Sýrland, sem tæki m.a. yfir Líbanon og Jórdaníu. Til að gera drauminn þann að veruleika er handhægt að nota sovéskar vígvélar, ásamt góðum stuðningi frá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Í dag er styrjöldin varnarstyrjöld hinnar framsæknu þjóðlegu hreyfingar Líbanons og palestínsku þjóðfrelsishreyfingarinnar. Þetta eru fulltrúar meginþorra alþýðu hinna hrjáðu arabísku þjóða, sem vel vita af "Angóla-draumum" risaveldanna og óskum arabíska afturhaldsins um að þagga niður í palestínsku þjóðinni og alþýðunni allri. En það gagnar aðeins drottnunarstefnu Ísrael og risaveldanna að etja "aröbum gegn aröbum", alþýðu gegn alþýðu. Þjóðleg and-heimsvaldasinnuð lýðræðisbylting fyrir botni Miðjarðarhafs þarfnast einingu alþýðu og sjálfræðis þjóða og landa á borð við Líbanon.

Klassekampen/Gnistan

Bandaríkin: SAKLAUS BLÖKKUMAÐUR BÍÐUR AFTÖKU

Ungur blökkumaður, Gary Tyler að nafni, situr nú í fangelsi og bíður rafmagnsstólsins. Tyler er enn eitt dæmið um litaða bandaríkjamenn sem sæta ofsóknum og kúgun í þessu "draumaríki frelsis og framfara". Hann er ranglega ákærður fyrir morð er hann kom hvergi nærri að fremja. Ákæruði er þó talinn "sekur fundinn" af hálfu dómsvaldsins, vegna þess eins að hafa lent í klóm lögreglunnar af tilviljun. Var hann meðlimur í mótmælaaðgerðum gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í kynþáttamálum og réðst lögreglan á göngumenn - sannfærð um að þar væri að finna mann sem skotið hefði á hvíta æsingamenn einhvers staðar frá. Tyler varð fyrir valinu í þessu handahófsúrtaki lögreglunnar.

Um öll Bandaríkin er mikil hreyfing til stuðnings Tyler og krafist er náðunar honum til handa. Þessi andófshreyfing beinist í raun gegn auðvaldinu og allri kúgun í landinu.

EIK (m-l) hefur sent Gary Tyler stuðningskveðjur sem enda á þessum kröfum og kjörorðum:

Frelsi handa Gary Tyler!

Lengi lifi baráttan fyrir sjálfræði blökkumanna!

Niður með kynþáttaofsóknirnar!

Alþýðuvöld í Albaníu VALDDREIFING

Einhverjir kunna að segja: Hvað er nýtt við þetta? Við höfum líka þjóðkjörið þing og ríkisstjórn og nóg af stjórnmálaflokkum, þ.e.a.s. "lýðræði", hrepps- og bæjarstjórnir sýslunefndir o.s.frv. En þarna er mikill munur á. Til dæmis er stjórn sveitarfélags á Íslandi ýmist beinn erindreki einokunarauðvaldsins eða fæst aðeins við smáákvarðanir. Stórákvarðanir um atvinnuþróun landshluta, fjárlög og slíkt koma nánast einhliða ofan úr embættismannakerfi ríkisins, án þess einstök sveitarfélög ráði þar nokkru um, hvað þá almenningur. Í Albaníu víkur því öðruvísi við. Í fyrsta lagi eru fulltrúar fólksins sjálfir ábyrgir fyrir því að áætlanir séu framkvæmdar og þurfa sjálfir að gangast fyrir framkvæmdum, að viðhöfðu fullu samráði við fjöldann, sem áður sagði, en eiga ekki aðeins að samþykkja ályktanir og lagafrumvörp sem koma frá embættismannabákni ríkisins. Í öðru lagi er þátttaka almennings í stjórnun, félagslegri ákvarðanatöku og pólitísku lífi yfirleitt æði ólík því sem við þekkjum. Það eru ákvarðanir lægstu eininga ríkisvaldsins, þ.e. ráðanna á vinnustöðunum og í hverfunum, sem eru grundvöllurinn sem allar heildaráætlanir um efnahagsmál og félagsleg mál byggja á. Auk þess er það svo, að á svæði hvers ráðs starfa ýmis samtök og smærri skipulagseiningar sem tryggja virka þátttöku allra sem vettlingi geta valdið. Þar má nefna stéttarfélög og deildir þeirra, starfsmannafélög og liðssveitir (innan vinnustaðarins) með hámark 50 meðlimi. Á öllum þessum vettvöngum er svo skipulögð almenn umræða um flest sem máli skiptir. Tóknokkur dæmi um þetta:

Er við vorum í Albaníu var nýlokið umræðunni um nýju stjórnarskrána fyrir landið og var hún samþykkt í vetur. Í stuttu máli gengur hún út á að slá rækilega fastri nauðsyn harðrar stéttabaráttu, alhliða forystu verkalýðsstéttarinnar og að lögbinda ýmsar mikilvægustu ráðstafanir við að treysta alræði öreiganna efnahagslega, pólitískt og menningarlega. Uppkasti var dreift um allt landið á dreifibréfum, og í tvo mánuði var haldinn fjöldi funda í öllum híbýlahverfum, öllum vinnustöðum og öllum fjöldasamtökum. Borið var saman við gömlu stjórnarskrána, stjórnarskrá auðvaldsríkja, endurskoðunarsinnaríkja o.s.frv. Öllum bar saman um að umræðan hefði verið mjög líflег og að fáir hefðu þagað.

Þegar við vorum í Albaníu var á lokastigi umræðan um næstu 5 ára efnahagsáætlun. Áætlunin er að segja má unnin beinlínis af öllum fjöldanum. Aðeins almenn rammaáætlun er lögð fram af ráðuneyti. Síðan ræðir hinn vinnandi fjöldi bæði heildaráætlunina og sérstaklega eigin atvinnugrein og áætlun fyrir eigin vinnustað. Stéttar félögin beita sér mjög í þessari umræðu. Samkvæmt stefnu flokksins ræðir verkafólkið í þeim anda að auka sem mest framleiðsluna, nýtingu hráefna (minnka úrgang) og minnka innflutning í lágmark. Á vinnustöðum sem við heimsóttum mátti sjá á fjölda veggspjalda að áætlunin var líflega rædd.. Ef t.d. einhverjir náungar töldu að setja mætti markið hærra fyrir verksmiðjuna, settu þeir álit sitt á veggspjald og svo var það rætt af fólkinu o.s.frv.

Framhald í næst blaði.

Albanía er eina sósíalíska landið í Evrópu.EIK(m-l)líta á það sem mikilvægan þátt baráttunnar að kynna landið og verja það.EIK(m-l) eiga góð samskipti við Flokk vinnunnar.(ATA)

'ÁRÁSARSTRÍÐ GEGN VESTRI RÉTTLÁTT' segir varnarm.ráðh. Austur-Þýskalands

Varnarmálaráðherra Austur-Þýskalands, Heinz Hoffmann, hélt nýlega ræðu í tilefni af 20 ára afmæli alþýðuhersins í Austur-Þýskalandi. Ræða þessi er birt í heild sinni í tímaritinu "Einheit", sem endurskoðunarsinnar, þarlendir, gefa út. Ræða þessi er athyglisverð fyrir margra hluta sakir, og verður að telja hana spegla hina opinberu stefnu leiðtoganna í Varsjárbandalaginu.

Kjarninn í orðum Hoffmanns er þessi: Kjarnorkustríð milli austurs og vesturs myndi vera "réttlátt stríð fyrir sósíalismann"; það myndi myndi þýða "afgerandi uppgjör við heimsvaldastefnuna". Þetta eru óbreytt orð stríðsæsingamanns af þeirri tegund sem Hitler hefði hafið upp til æðstu metorða. Hér talar heimsvaldasinni - málpípa þess risaveldisins sem alþýðu heimsins stafar mest hætta frá, Sovétríkjunum.

"Við í Varsjárbandalaginu erum ekki sammála þeim hugmyndum sem ríkja meðal framsækinna afla í hinni alþjóðlegu friðarhreyfingu, um að ekki sé hægt að heyja réttlátt stríð á tímum kjarnorku, þ.e. að kjarnorkustyrjöld eigi ekki lengur að vera framhald af stéttabaráttunni.....Þar sem Mið-Evrópa leikur hlutverk bandarísku heimsvaldastefnunnar, sem mikilvægasta sóknarsvæði alheimsheimsvaldastefnunnar gegn sósíalismanum, er Bundeswehr(stríðsveldi Vestur-Þýskalands) afar þýðingarmikið í áætlunum NATO á sama hátt og hugmyndir Varsjárbandalagsins um varnir... Bundeswehr er í raun tæki fyrir heimsvaldasinnaða útþenslustefnu, og er stærsta ógnun við frið og friðsamlega sambúð í Evrópu"

Hoffmann heldur áfram:

"Þrátt fyrir þær þjáningar sem lagðar verða á herðar alþýðunni í þessum síðasta og mest afgerandi árekstri milli framfara og afturhalds-mun þetta í auðvaldsheiminum - mun þetta verða réttlátt stríð, séð frá okkar sjónarhóli".

Ræða Hoffmanns hefur verið birt og fylgt á eftir með greinum og fleiri ræðum. Árðurinn beinist einkum að meðlimum í flokki endurskoðunarsinnanna í Austur-Þýskalandi, og er ætlað að kenna þeim, og síðan allri alþýðu, að líta á heimsvaldasinnaða árás sem réttláta, hvort sem hún kæmi frá Vestur-Þýskalandi eða stóra bróður í Sovétríkjunum. Herlið Hoffmanns tók þátt í því að reyna þessa kenningu í innrásinni í Tékkóslóvakíu 21. ágúst 1968, ásamt herliði frá hinum Varsjárbandalagslöndunum. Hermenn Varsjárbandalagsins voru þá, og eru enn, sérþjálfaðir í því að reka árðður fyrir þess háttar "réttlátum" innrásum og réttlæta þær. Tékknesk alþýða kunni ekki að meta slíkt "réttlæti" og í Prag máladi fólk á veggi slagorð sem beint var gegn hermönnunum frá Austur-Þýskalandi: "Þýsku hermenn - þekkið þið ykkur aftur?"

Svona er tónninn í endurskoðunarsinnunum í austurblokkinni. Þeir tala opinskátt um árásarstríð sem réttlátt. Hvenær hefur marxisminn skilgreint árásarstríð sem réttlátt? Aldrei. Þvert á móti - það er einmitt þetta sem Lenín kallaði sósíalisma í orði, en heimsvaldastefnu í verki - sósíalheimsvaldastefnu. Herða verður baráttu gegn endurskoðunarstefnunni, gegn risaveldunum og stríðsundirbúningi þeirra.

EIK(m-l)

★★★★★★★★★

Námsstarf EIK(m-l) í marx-leninismanum er undirstaða undir baráttu.
SKRÁIÐ YKKUR !

SKRIFSTOFA SAMTAKANNA ER NÚ AÐ LAUGAVEGI 178,2.hæð.
SÍMINN ER: -- 84210 --
Í SUMAR VERÐA OPNUNARTÍMAR SEM HÉR SEGIR:
Föstudagar: kl.17 - 19.
Laugardaga: kl.14 - 16

EIK(m-l) sendu nýverið frá sér tvær kveðjur til Kommúnistaflokks Kína (KFK) og kínversku þjóðarinnar.

Kveðjur EIK(m-l) til KÍNA

55 ára baráttusaga.

Fyrri kveðjan var send í tilefni af 55 ára ártíð KFK, en hann var stofnaður 1921 með innan við 100 stofnfélögum. Í dag er hann öflugur og réttsýnn kommúnistaflokkur í fararbroddi stærsta sósíalistaríkis veraldar. Í kveðjunni stendur m.a.:

"S.l. 55 ár flokkssögunnar hafa sýnt ósigranleika marxlenínismans - kenninga Maos Tsetungs og byltingaraflanna. Undir leiðsögn flokksins og Maos Tsetungs formanns, hefur kínverska byltingin og uppbygging hins nýja sósíalíska Kína táknað geysistórt skref fram á við - til sigurs sósíalisma og kommúnisma á heimsmælikvarða. Við þessa uppbyggingu, í framþróun menningarbyltingarinnar miklu og síðari tíma baráttu gegn gagnbyltingunni, ásamt baráttunni gegn nútíma endurskoðunarstefnunni og risaveldunum, sést afgerandi hlutverk KFK. Flokkurinn og alþýða Kínaveldis er stærsti hluti forystuafls í baráttunni fyrir byltingunni í heiminum. Flokkurinn og kínversk alþýða eru lýsandi fordæmi verkalýð og alþýðu heimsins".

Félagi Sjú Teh látinn.

Hin kveðjan varðar lát félaga Sjú Teh. Félagi Sjú Teh sat í miðstjórn KFK og var um skeið forseti þjóðþingsins í Kína. Hann var einn af upphafsmönnum kínversku byltingarinnar og náinn samstarfsmaður Maos Tsetungs og Sjú En-lais.

Sjú Teh var einn snjallasti hugsjónamaður Rauða hersins, er síðar nefndist Frelsisher alþýðu og einn af aðalsmiðum þess mikla byltingarhers.

Formaður EIK(m-l) reit nafn sitt í minningarbók í sendiráði alþýðulýðveldisins fyrir hönd miðstjórnar EIK(m-l) og afhenti samúðarkveðjur samtakanna.

NÝ BARÁTTULEIÐ og NÝR RAUÐLIÐI

4. tbl. Rauðliðans - fræðilegs málgagns EIK(m-l) - kemur út hjá OKTÓBER-forlaginu í ágúst. Þá er og væntanleg 2. og endurbætt útgáfa af Baráttuleið alþýðunnar - stefnuskrá EIK(m-l). Að þessu sinni er Rauðliðinn helgaður baráttunni gegn leifum "vinstri" hentistefnu og endurskoðunarstefnu í KFÍ/m-l og svo aftur Albaníu og baráttu Flokks vinnunnar í alþjóðahreyfingu kommúnista. Í Rauðliðanum er að finna grein um stefnuskrá og reglugerð KFÍ/m-l, þar sem sýnt er fram á hægri villur í "vinstri" búningi og það tengt forsögu KFÍ/m-l. Þá er einnig í Rauðliðanum grein um stéttgreiningu KFÍ/m-l. Greinin hrekur borgaralega útúrsnúninga KFÍ-forystunnar og setur fram marx-lenínska afstöðu til stéttanna. Greinarnar um Albaníu eru aðallega byggðar á ræðum félaga Envers Hoxhas, leiðtoga Flokks vinnunnar. Loks má nefna grein í ritinu, sem er þýðing á pistli Jósefs Stalíns, aðalritara bolsévíkaflokksins sovéska, um sjálfgagnrýni.

Rauðliðinn er ekki seldur í áskrift, en unnt er að panta hann, bæði þann nýja, og aðra eldri, frá OKTÓBER-forlaginu s/f, pósthólf 5186, Reykjavík. Sérstaklega er fólki bent á að kaupa og lesa 1. tbl. 1976, þar sem fjallað er um Alþýðubandalagið.

SÖNGTEXTI EFTIR AKUREYSKAN VERKAMANN OG VIN

AKRANESVERKFALLIÐ

Ég býr út á Akranesi með barn og sæki vinnu út
og puða í frystihúsinu í flökun og sora og grút
á annað hundrað konur hér þéna launin lág
og þræla fram á nætur ef nógan afla er að fá.

En við sem vinnum fiskinn er skapar Íslands auð
eiga máttum í frí er kaupstryggingarlaust
"Jú kvenfólkið frá er kauptryggingarlaust
alveg kostavinnuafl ódýrt bæði og traust".

Loks uppúr sauð því einnig konur trygg þurfa laun
við fólum málið A.S.Í. en ekki þeir gerðu baun
og eigi eitthvað að batna eigin baráttu er þörf
og eina leið til árangurs er að við leggjum niður
störf.

Auðherrarnir sögðu:"Við semjum ekki við lýð"
hjá A.S.Í. menn krossuðu sig bara í erg og grið
en við í okkar stríði þó stöðum hlið við hlið
og neyddum hina miklu menn að mæta og semja
okkur við.

Við unnum hálfan sigur og sitthvað höfum lært
að samstaðan er aflið sem árangur getur fært
og eitt við höfum sannað þótt sumum finnist
skítt
að samtök vor til baráttu byggja þarf upp á
nýtt.

NÝI VERKAMAÐURINN:

Jón form. Einingar í önnum

Í nýja Verkamanninum, málgagni Baráttusamtaka launafólks á Akureyri - 5. tbl. þessa árg., er merk grein eftir "hafnarverkamann". Skrifar hann um viðtal sem Þjóðviljinn átti við Jón formann verkalýðsfélagsins Einingar. Í því segir Jón að í mörg horn sé að líta í stóru verkalýðsfélagi (Eining hefur 2.300 meðlimi). M.a. sé þörf á því að koma á betra skipulagi við hafnarvinnuna á Akureyri, þannig að vinna verkamanna þar verði öruggari en verið hefur. "Hafnarverkamaður" kveður félaga sína við höfnina ekki hafa verið uppnæma fyrir þessu og heyrst hefði sagt: "Hvaða andskotans blekkingarvef er Jón nú að spinna?" Staðreyndin er sem sagt sú, að Jón hefur lítið gert til hjálpar hafnarverkamönnum. Jón komst til valda í stjórnarkosningum 1973, eftir "dæmalausustu kosningar í íslensku verkalýðsfélagi". Hann veittist mjög að hafnarverkamönnum í þeirri kosningabaráttu og hófst síðan handa eftir kosningarnar. Atvinnurekendur og Jón formaður gengu í bandalag við að eyðileggja samninga sem verkamenn höfðu fengið skömmu fyrir kosningarnar. Þegar verkamenn vildu ekki samþykkja mun lakari samninga, þá voru tekin upp ný og afkastameiri vinnubrögð, sem þýddi það að formaðurinn samþykkti og skrifaði undir samningana sjálfur. Barátta Jóns fyrir auknu atvinnuöryggi við höfnina á Akureyri, hefur líka birst í því að leggja blessun sína yfir brot KEA á samningum við hafnarverkamenn. Grein sinni lýkur "hafnarverkamaður" á þessu orðum: "Af þessu mega menn sjá að margt skítverkið verður að vinna til að heita góður stéttasamvinnumaður, enda hefur hann (JH) lengi gengið í smiðju til forseta Alþýðusambandsins. Að lokum þetta: Við vonum það heitt og innilega, hafnarverkamenn á Akureyri, að það verði ekki Jón H. sem tekur ákvarðanir um framtíðarskipulag hafnarvinnu á Akureyri".

Sameiginleg yfirlýsing October League(m-l) og Eik m-l

Fulltrúar EIK(m-l) og October League (m-l) frá Bandaríkjunum héldu með sér umræðufund í Reykjavík þann 13. júlí s.l. til að styrkja gagnkvæm samskipti á grundvelli marx-lenínismans og alþjóðahyggju öreiganna.

Samtökin tvö ræddu alþjóðaástandið, þróun stéttabaráttunnar í báðum löndum og vaxandi tilhneigingingar til einingar í alþjóðahreyfingu marx-lenínista.

Báðir aðilar lögðu áherslu á hættuna á nýrri heimsstyrjöld og voru sammála um að alþýða allra landa, bæði stórra og smárra, yrði að undirbúa sig og skipuleggja breiða samfylkingu gegn risaveldunum tveimur-Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. OL(m-l) studdi sérstaklega baráttu íslenskrar alþýðu fyrir sjálfræði gegn ásælni risaveldanna. OL(m-l) og EIK(m-l) voru sammála um að myndun eins sameinaðs marx-lenínistaflokks væri nauðsynlegt vopn til að berjast stéttabaráttu í báðum löndunum. Samtökin studdu bæði vaxandi einingu meðal marx-lenínista að þessu marki.

Umræðurnar fóru fram í anda jafnræðis þjóðanna, gagnkvæmra lærdóma og alþjóðahyggju öreiganna.

Fulltrúi U.S. October League (m-l) var C.Davidsson miðstjórnarmaður OL(m-l). Fulltrúi EIK (m-l) var Ari T. Guðmundsson formaður miðstjórnar EIK(m-l).

October League(m-l) í Bandaríkjunum eru forystusamtök þarlendra kommúnista af mörgum þjóðernum. OL(m-l) hefur deildir í 25 borgum Bandaríkjanna og einingar á mörgum vinnustöðum. Samtökin hafa nú forystu fyrir sameiningu margra marx-lenínskra smáhópa og OL(m-l) í nýjan kommúnistaflokk - fyrir árslok næstkomandi.

OL(m-l) eru systursamtök EIK (m-l) í Bandaríkjunum, og þessi fundur samtakanna styrkti tengsl þeirra enn frekar.

Aðalmálgagn OL(m-l) er THE CALL. Heimilsfang blaðsins er:
The CALL, P.O. Box 5597, Chicago, Ill, 60680, USA.
Áskrift kostar $10 á ári.

SENDIÐ PANTANIR: OKTÓBER
FORLAGIÐ, PÓSTHÓLF 541
AKUREYRI EÐA PÓSTHÓLF
5186 REYKJAVÍK.

KYNNIÐ YKKUR

ÚTGÁFUEFNI OKTÓBER FORLAGSINS

1. Samþykktir fyrstu sameiginlegu ráðstefnu norænna marx-lenínista.
2. Afstaðan til Stalín.
3. Gegn trotskisma og "vinstri"-róttækni.
4. Fangelsisdagbók - ljóð Ho Chi Minh.
5. HVAÐ BER AÐ GERA? - Bæklingar. Út eru komnir tveir: Sá fyrri fjallar um stefnu EIK(m-l) í kjaramálum, sá síðari um stefnu EIK(m-l) í landhelgismálinu.
6. Fram til stofnunar Kommúnistaflokks Íslands - Hvað vill EIK(m-l)? Ályktanir 2.landsþings EIK(m-l).
7. Tímaritið RAUÐLIÐINN - fræðilegt málgagn EIK(m-l).

Baráttuleið alþýðunnar er uppseld hjá forlaginu og verður bókin endurútgefin eftir ítarlega yfirferð. ENDURÚTGÁFAN ER VÆNTANLEG Í ÁGÚST.

Þeir sem kaupa allt efni OKTÓBER-forlagsins fá 20% afslátt.

BLÖÐ NORRÆNNA MARX-LENÍNISTA

KYNNING

1. maí sl. kom út fyrsta tbl af Arbeiðið í Færeyjum. Arbeiðið er málgagn Oggjaframa m-l, systursamtaka EIK(m-l) í Færeyjum.

Heimilisfang: Oggjaframi m-l Gongin 28, 3800 Torshavn, Føroyar.

Kommunistisk Forbund, Marxister - Leninister (KFML), systursamtök EIK(m-l) í Danmörku, gefa út blaðið Kommunist. Frá 1. maí sl. er það hálfsmánaðarblað. Frá nk. áramótum á Kommunist að koma út í hverri viku.

Áskrift er Dkr. 40.- fyrir 20 eintök.

Heimilisfang: Kommunist, distributionen, Ravnsborg Tværgade 7 st. tv., DK 2200 København N, Danmark.

Systursamtök EIK(m-l) í Finnlandi, Marx-Lenínísku Hóparnir (MLR), gefa út Lokakuu. Í mars sl. tóku þeir stökkið frá mánaðar- til vikublaðs.

Áskrift er Fmk. 4.- fyrir mánuðinn, Fmk. 12.- fyrir 3 mán., Fmk. 25.- fyrir hálft ár og Fmk. 50.- fyrir eitt ár.

Heimilisfang: Kalevi Mäkelä, Lokakuu-lehti, Pl 163, 001 01 Helsinki 10, Suomi - Finland.

Sveriges Kommunistiska Parti bróðurflokkur EIK(m-l) í Svíþjóð, gefur út Gnistan. Blaðið kemur út vikulega, en áætlað er að gera Gnistan að dagblaði innan tíðar.

Áskrift er Skr. 25.- fyrir 3 mán., Skr. 45.- fyrir 6 mán. og Skr. 90.- fyrir eitt ár.

Heimilisfang: Gnistan, Box 5347, 102 46 Stockholm 5, Sverige.

Arbeidernes Kommunistparti (marxist-leninisterne), bróðurflokkur EIK(m-l) í Noregi, gefur út Klassekampen. Fyrir hálfu ári fór blaðið að koma út tvisvar í viku. Á næsta ári er áætlað að gera Klassekampen að dagblaði.

Áskrift er Nkr. 33.- fyrir 3 mán., Nkr. 65.- fyrir 6 mán. og Nkr. 120.- fyrir eitt ár.

Heimilisfang: Klassekampens distribution, Boks 2046, Grunnerlokka, Oslo 5, Norge.

PÓLSKUR VERKALÝÐUR:

Kazimierz Mijal, aðalritari hins ólöglega Kommúnistaflokks Póllands.

GEGN KÚGUN STJÓRNVALDA

PÓLSKUR VERKALÝÐUR ER Í FARARBRODDI UPPREISNAR ALÞÝÐUNNAR Í AUSTUR-EVRÓPU. Í JÚNÍ HÁÐU PÓLSKIR VERKAMENN VÍÐTÆK VERKFÖLL GEGN VERÐHÆKKUNARPÓLITÍK GIEREK-STJÓRNARINNAR. Í FRÉTTUM STJÓRNARINNAR VAR SAGT AÐ VERKFÖLLIN HAFI AÐEINS VERIÐ TAKMÖRKUÐ VIÐ FÁA STAÐI. GNISTAN, SYSTURBLAÐ VERKALÝÐSBLAÐSINS Í SVÍÞJÓÐ, HEFUR AFLAÐ SÉR NÁKVÆMRA UPPLÝSINGA UM UMFANG VERKFALLANNA Í PÓLLANDI. AÐ MINNSTA KOSTI 80 VERKSMIÐJUR VORU ALGERLEGA, EÐA AÐ EINHVERJU LEYTI, LAMAÐAR Í ÞESSUM VERKFÖLLUM Í JÚNÍ.

RÉTTARHÖLD OG DÓMAR

Verkföllin í júní voru brotin á bak aftur af þjálfuðu liði lögreglu og hermanna. Fjöldi verkamanna var handtekinn, færður fyrir rétt og dæmdur í fangelsi. Enn eru dómar að falla. Í bænum Radom voru það láglaunakonur í skó-, tóbaks- og matvælaiðnaðinum sem hófu verkföllin. Verkamennirnir í vopnaverksmiðjunni Walther komu á eftir. Konurnar réðust á byggingu flokksdeildarinnar(deildar pólska Verkamannaflokksins, sem er flokkur endurskoðunarsinna í Póllandi. Ats V. Bl.) Talið er að milli 50 og 100 manns verði dregnir fyrir rétt. Fimm fengu a.m.k. 1.árs fangelsi. Samkvæmt Reuter-fréttastofunni voru 6 manns í viðbót dæmdir í 4 - 10 ára fangelsi í Radom.

Í Ursus fóru a.m.k. 5000 manns í verkfall. Nokkrir verkamenn voru dregnir fyrir rétt. Ursus- verkamennirnir mótmæltu hinni nýju stjórnarskrá í fyrra og þeir stöðvuðu núna járnbrautina milli Varsjár og Parísar. Þeir sögðust engum hleypa framhjá fyrr en hætt væri við verðhækkanirnar. Yfirvöldin náðu í fólksflutningabíla til að keyra farþegum lestarinnar til Varsjár, en bílstjórarnir neituðu að keyra Yfirvöldin settu þá flutningabíla hersins til farþegaflutninganna. Þeir járnbrautarstarfsmenn sem tóku þátt í aðgerðinni verða dregnir fyrir dóm.

Í Ursus rekur pólska ríkið ásamt bresk-kanadíska auðhringnum Massey-Ferguson sameiginlegt stórfyrirtæki, sem er fjármagnað af Barclays-bankanum, en sá banki er mjög virkur í fjármögnun í kynþáttahatararíkinu Suður-Afríku. VERKFÖLLIN ERU LÝSANDI FYRIRMYND FYRIR VERKALÝÐ Í AUSTUR-EVRÓPU.

Verðlagslögin voru afturkölluð sólarhring eftir að verkföllin náðu hámarki 25.júní. Pólskir verkamenn hafa áður sýnt að þeir eru tilbúnir til baráttu fyrir hagsmunum sínum gegn fasískum stjórnunaraðgerðum endurskoðunarsinnanna í pólska Verkamannaflokknum. Árið 1970 háðu þeir mikla baráttu gegn endurskoðunarsinnum. Í uppreisninni 1970 var Kommúnistaflokkur Póllands leiðandi afl í uppreisnum gegn fasískndi pólitískt afl. Kommúnistaflokkur Póllands er bannaður í landinu og verður að starfa neðanjarðar. Enn á ný er KFP pólitískt leiðandi afl í uppreisnum gegn fasískum aðgerðum endurskoðunarsinna. Barátta pólsku verkamannanna sýnir að það er hægt að vinna sigra á hinum nýju valdhöfum í austur-evrópulöndunum, hinni nýju bargarastétt, sem styður sig við risaveldið Sovétríkin í baráttu sinni gegn sívaxandi frelsishreyfingu alþýðunnar.

Á meðan fulltrúar Fylkingarinnar, Alþýðubandalagsins, Æskulýðssambandsins, Félags ungra jafnaðarmanna og Samtaka frjálslyndra og vinstri þiggja boð til ráðstefnu þessara kúgunarafla, einmitt um þetta leyti þegar pólsk alþýða berst - og á meðan þessir fulltrúar láta vel af dvöl sinni og málum alþýðu, hafa Eik(m-l) samband við hinn ólöglega marx-lenínska kommúnistaflokk með því að skiptast á málgögnum og upplýsingum.

HERSTÖÐVABARÁTTA

frh af baksiðu

2. Skortur á forystu og fjöldastefnu. Forysta - pólitísk - sem leggur áherslu á skipulagningu, eflingu og stjórnun markvissrar fjöldabaráttu hefur aldrei leitt herstöðvabaráttuna.
3. Skaðleg tengsl við þingsætis baráttu. Stjórnmálaflokkar hafa jafnan reynt að miða allt starf herstöðvaandstæðu við kröfur til ríkisstjórna, við þrýsting á þingið og við aðgerðir flokka í nefndum, ráðum og þingsölum. Með því var baráttan afvegaleidd og sneydd fjöldaeðli.
4. Tilraunir til að gera lítið úr árásarstefnu, vígbúnaði, styrjaldarhættu og óvináttu Sovétríkjanna, eftir að auðvaldið var endurreist þar á árunum fyrir og eftir 1956. Með þessu hefur margur baráttumaðurinn talið herstöðvaandstæðinga aðeins vera tals menn yfirgangs og ekki trúað staðhæfingum um að "Sovét hafi ekki áhuga á Íslandi".

Á öllu þessu verður nú að vinna bug þegar stofna á liðssamtök herstöðvaandstæðinga. Gegn frjálshyggju og starfshópa skipulagi verður að setja lýðræðislegt, vel tíundað og virkt fjöldaskipulag. Gegn höfuðáherslu á þingsalabaráttu verður að leggja höfuðáherslu á fjöldabaráttu utan þings. Í stað einhliða áherslu á NATO/herinn verður að setja jafna áherslu á baráttuna gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.(Sbr. Samþykkt Staparáðstefnu 1975)

Eik(m-l) telja að eftirfarandi atriði verði að tíunda í stefnuskrá væntanlegra liðssamtaka:

-Barátta gegn öllum heimsveldum og hernaðarbandalögum og ásælni þeirra á Ísland.

-Vinna að úrsögn Íslands úr NATO, uppsögn allra samninga við NATO. Barátta gegn hverskyns gervilausnum í því máli.

-Barátta fyrir brottför bandarísks herliðs frá Íslandi og lokun allra herstöðva hér - að ekkert erlent ríki reisi herstöðvar eða hafi herlið á Íslenskri grund.

-Að styðja þjóðfrelsisbaráttu og sjálfræðisbaráttu í heiminum.

Að auki verður að vera greinar gerð, þar sem barátta gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum og stríðsundirbúningi þeirra, er sett fram .

8 ára HERNÁM

frh.af bls.2

alþýðu aukist að mun. Verkalýðsstéttin í Tékkóslóvakíu var sér óméðvituð um hið raunverulega eðli Sovétríkjanna. Hún var innrás óviðbúin. Í dag veit tékknesk alþýða hvert hið raunverulega eðli Sovétríkjanna er. Heimsvaldastefna þeirra sem rekin er í nafni sósíalismans hefur afhjúpað sig.

Alþýðubandalagsforystan og Fylkingin verja Sovétríkin og innrásina í Tékkóslóvakíu. Þessir aðilar eiga það sammerkt með afturhaldinu í Sjálfstæðisflokknum og hinum borgaralegu flokkunum, að þeir kalla Sovétríkin sósíalísk.

En hvernig getur land verið sósíalískt,sem:

- hernemur annað land
- etur alþýðunni saman í Angóla og sendir þangað 15000 kúbanska leiguliða.
- setur gróðann í fyrirrúm í framleiðslunni.
- rænir úkraínubúa og aðrar þjóðir Sovétríkjanna sjálfsögðum almennum þjóðlegum réttindum.
- kastar pólitískum andstæðingum sínum í einangrunarbúðir og geðsjúkrahús.
- skapar atvinnuleysi fyrir milljónir manna og hungur.

Sovétríkin eru ekki lengur sósíalísk, heldur grimmt auðvaldsland, þar sem ríkir fasismi. Þegar svo flokkar eins og Alþýðubandalag og Fylkingin segja að Sovétríkin séu sósíalísk, þá eru þessir aðilar að ráðast að sósíalismanum og afskræma hann. AB-forystan og Fylkingin eru samherjar Brésneffs og árásarstefnu þeirra Kremlherra. Þeir geta svikið íslenska alþýðu í hendur sovésku sósíalheimsvaldastefnunni við fyrsta tækifæri,alveg á sama hátt og Husak í Tékkóslóvakíu og á sama hátt og afturhaldið í Sjálfstæðisflokknum seldi landið undir járnhæl bandarísku heimsvaldastefnunnar. Íslensk alþýða má aldrei treysta þessum öflum fyrir frelsi sínu. Íslensk alþýða með verkalýðsstéttina í baráttuforystu, verður að berjast fyrir frelsi sínu og óháði Íslands - gegn báðum risaveldunum - bæði Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Tékkneska alþýðan, ásamt allri alþýðu austantjaldsríkjanna, berst hetjulegri baráttu fyrir frelsi sínu. Risaveldið Sovétríkin er líka andstæðingur okkar, t.d. í landhelgismálinu. Þar reyna Sovétríkin að brjóta á bak aftur 200 mílna regluna og þau eru í reynd stærsti náttúruauðlindaræninginn í öllu Norður-Atlanshafi og Barentshafi. Við eigum því samleið með baráttu alþýðunnar í austantjaldslöndunum. Tékkneska alþýðan þarf á öllum okkar stuðningi að halda. Látum hana vita að Íslensk alþýða styður hana gegn sovéska hernámsliðinu og sovéska fasismanum. Krefjumst þess að allir pólitískir fangar verði látnir lausir þegar í stað! Krefjumst þess að sovéska hernámsliðið hverfi á braut!

Eflum baráttuna gegn báðum risaveldunum - Sovétríkjunum og Bandaríkjunum!

STÓRIÐJA

frh.af bls. 2

okunarauðvaldið til þess að bæta upp þann skort á auðmagni sem kreppan hefur leitt af sér.

Íslensk ríkisstjórn er ávallt þjónn þessa valds, alveg sama hvaða flokkarnir heita sem hana skipa. Ríkisvaldið leitast við að selja landið fyrir silfurpeninga, í stað þess að treysta á afl alþýðunnar, sem er stefna kommúnista einna.

Það er mikilvægt að muna, að "sósíalistarnir" í Alþýðubandalaginu eru miklir talsmenn stóriðju. Það var t.d. Magnús Kjartansson sem heiðurinn átti af því að næla í Union Carbide fyrir burgeisana, en í nafni "sósíalismans" á ríkið að eiga meirihluta í verksmiðjum af þessu tagi. Það er eina skilyrðið af hálfu AB-forystunnar, enda rekur hún þann falsáróður að ríkið sé ríki "alls fólksins", en ekki auðvaldsins. Þetta er hættuleg svikastefna og gegn henni ber að berjast, engu síður en fjárfestingunum sjálfum.

Fólk sem verja vill sjálfræði Íslands og skapa baráttunni fyrir sósíalismanum hagfelld skilyrði, verður að snúa baki við Alþýðubandalaginu, og taka þátt í baráttunni gegn erlendri ásælni.

Krefjumst tryggrar atvinnu alls staðar, krefjumst lífvænlegra launa fyrir 8 stunda vinnudag!

Berjumst gegn uppsögnum og öllum tilraunum til að reisa erlend fyrirtæki á íslenskri grund!

UPPBOÐSHALD

Frh. af baksiðu

dregst saman. Nú þegar eru í Þingvallasveitinni hvorki meira né minna en 700 - sjö hundruð - sumarhús!

Í lokin má nefna nýtt dæmi úr Grafningi, en ástandið þar í sveit er hliðstætt og í Þingvallasveit. Þar er jörðin Nesja vellir. Hún er í eigu Hitaveitu Reykjavíkur og hefur verið í fáein ár. Í vor sem leið, lést bóndinn sem þar hafði búið og ung hjón honum tengd voru og eru fús til þess að halda áfram búskap á jörðinni. En nú var tækifærið til þess að koma jörðinni í eyði og það skyldi ekki látið ónotað! Elín Pálmadóttir, borgarfulltrúi íhalds, skrifaði í Mogga, aðeins fáeinum dögum eftir lát bónda og útmálaði þar nauðsynina á því að leggja jörðina í eyði! Elín þessi er kunn af flestu öðru en því að hafa vit á búskap og málefnum honum tengdum. En blessuð konan virðist bera haga bændaalþýðunnar mjög fyrir brjósti og sauðkindin er henni sérlega hjartfólgin. Henni svíður bara mest, að kindur þurfi að bíta grasið til að þrífast, og að það geti kostað gróðureyðingu og landfok, ef ekki verði gripið í taumana. Hún fékk til liðs við sig Björn nokkurn Þorsteinsson, sem lýsti því yfir að á næstu 10 árum myndi sauðfé á Nesjavöllum bíta sig niður úr grasrótinni, og auðnin ein yrði eftir. Því yrði að leggja búskap niður á Nesjavöllum í hasti! Þessi orð vísindamannsins undirstrikaði Elín. Hún sagði að nær væri að aka borgarbörnum þarna upp eftir og láta þau dútla við að hlú að gróðrinum, og fleira taldi sú vísa kona til.

Íbúar Grafningshrepps hafa ákveðið að taka á móti elínskunni af fullri hörku og halda þessari jörð í áðúð. Þeir ætla að hrinda atlögu peningavaldsins og til þess verða þeir að fá allan okkar stuðning!

Hér hafa verið rakin örfá dæmi þess, hvernig auðvaldið og ríkisvald þess reynir að að hafa áhrif á alla þróun í byggð landsins. Gegn þessu verður alþýðan að rísa! Smábændur eru nánir samherjar verkafólks í baráttunni við þau öfl sem leggja vilja í eyði heilar byggðir - kaupa náttúruna og selja fyrir gróða. Alþýðan verður sjálf að taka í taumana, jafnvel þó til þess þurfi að beita afli. Einingarsamtök kommúnista bjóða fram sína krafta til hjálpar. - Þau hafa sett sér það mark að byggja upp kommúnistaflokk, og það er einmitt aflið sem þarf til að leiða baráttuna gegn auðvaldinu. Um allan heim grípur alþýðan til vopna og ræðst gegn kúgurum sínum. Sósíalisminn er framtíðin - líka á Íslandi. Það sem þarf að koma til er óvægin barátta verkafólks og samherja fyrir sósíalismanum.

Hafið samband við Einingarsamtök kommúnista og leitið upplýsinga!

VERKFALL..

framh. af forsíðu

ætlaði að stoppa viðskiptavininn á leiðinni inn til byggingarfulltrúa, bandaði lögreglumaðurinn hendi til verkfallsvarðarins og sagði: "Heyrðu, ég myndi ekki gera þetta í þínum sporum, það borgar sig ekki". Var verkfallsvörður þá undir það sterkri "pressu", að nokkrar teikningar sluppu í gegn. Lögmenn höfðu kallað til lögregluna til að taka skýrslu af verkfallsvörðum. Er lögmenn og lögregla voru á bak og burt, var haldið áfram verkfallsvörslu. Auglýstu þá stjórnvöld Borgarinnar opnun pósthólfs sem senda mætti teikningar í og hafa þær síðan verið yfirfarnar og stimplaðar á óþekktum stað.

Vbl.: Hvernig hafa verkfallsmenn komist af fjárhagslega?

GHG.: 6. júlí bættust 5 verkfræðingar í hóp verkfallsmanna. Þar sem verkfallssjóðir stéttarfélags verkfræðinga er ekki mikill að vöxtum, hefur þessari tegund verkfalls verið beitt. Þannig geta þeir sem eftir eru og starfa áfram,styrkt verkfallsmenn.

Vbl.: Hverjar eru kröfur ykkar og hvernig standa málin núna?

GHG.: Samningar eru lausir frá 1. janúar s.l. og málið hefur verið hjá sáttasemjara síðan 4. maí. Upphaflegar kröfur voru upp á sömu laun og verkfræðingar hjá einkastofum hafa, en þar sem við höfum ekki talið okkur geta staðið á þeirri kröfu, höfum við slakað mikið á, eða um 15%. Nú ber á milli um 10% - það er mismunur á kröfum okkar og á tilboði borgarinnar.

Vbl.: Hverju telur þú um að kenna að málið hefur dregist svo á langinn?

GHG.: Þetta hefur verið langt og strangt. Það má m.a. kenna því að ekki er nein þensla í framkvæmdum hjá Borginni.

Vbl.: Að lokum Gunnar; hvaða lærdóma telur þú að megi draga af þessari fyrstu tilraun ykkar með "punktaverkfall"?

GHG.: Þetta heppnast betur eins og formið hefur verið á þessu verkfalli, heldur en að allir færu í verkfall í einu. Við hefðum aldrei haldið það út fjárhagslega. Meðan lögin um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 eru í gildi, getur vissulega komið til greina fyrir launþega, að nýta sér þetta fyrirkomulag á vinnustöðvun. Mikil tregða er hjá vinnandi fólki að fara út í aðgerðir er stríða gegn lögum, þótt lögin séu andsnúin því sjálfu.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ sendir verkfræðingum Reykjavíkurborgar stuðnings- og baráttukveðjur. Blaðið mun styðja alla framsækna baráttu arðrændrar alþýðu.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Gerist Áskrifendur GREIÐIÐ ÁSKRIFT
sími - 35904 GÍRÓ 12200

HERSTÖÐVABARÁTTA:

Skipuleggjum baráttuna- stofnum liðsmannasamtök



SAMTÖK HERSTÖÐVAANDSTÆÐINGA EIGA SER ALL-LANGA SÖGU. ÞEGAR HUN ER ATHUGUÐ, KEMUR Í LJÓS AÐ FJÖLDASKIPULAGNING HEFUR SJALDNAST VERIÐ RÁÐANDI Í BARÁTTUNNI. Í STAÐ ÞESS HAFA KOMIÐ NEFNDIR, STARFSHÓPAR OG UPPHLAUPAKENND BARÁTTA. SIGRARNIR ERU FÁIR EN TÍMINN LANGUR. ERFIÐLEIKARNIR HAFA DREGIÐ BARÁTTUKJARKINN ÚR MÖRGUM OG LENGST AF AÐEINS VERIÐ UNNT AÐ FÁ ÞESSA AÐILA TIL STÓRAÐGERÐA Á BORÐ VIÐ KEFLAVÍKURGÖNGU.



Ástæður fyrir ónógum árangri eru þessar helstar:

1. Festuleysi varðandi markmið. Á tímum "vinstri"stjórna hefur baráttan fyrir úrsögn úr NATO fallið í skuggann af baráttu fyrir lokun herstöðvanna.

frh. bls.5

Sumarþing SÍNE

Sumarþing SÍNE - Sambands íslenskra námsmanna erlendis - var haldið í Reykjavík dagana 24. og 25. júlí sl. Á Sumarþingi eru útbúnar tillögur og lagðar fram hugmyndir til afgreiðslu á haustfundum deildanna erlendis.

Miklar deilur spunnust milli framsækinna afla annars vegar og trotskista og hálftrotskista hins vegar og stóðu þær einkum um tvennt. Stjórn SÍNE og önnur framsækin öfl vilja snúa frá uppgjafastefnu þeirri gagnvart ríkisvaldinu sem ríkt hefur í Kjarabaráttunefnd námsmanna, hefja sókn gegn vísitölubindingu námslána og leita samstarfs við verkalýðinn og samtök hans um kröfuna: Jafnrétti til náms! Í þessu máli vilja trottar og hálftrottar ekkert gera.

Hins vegar báru trottar og hálftrottar fram tillögu um vítur á stjórn SÍNE fyrir að hafa tekið þátt í Baráttueiningu 1. maí. Þar töldu þeir að SÍNE hefði átt að sitja með hendur í skauti, í stað þess að sýna samstöðu með verkafólki og vinnandi alþýðu í samfylkingu á baráttudegi verkalýðsins.

Í báðum þessum málum biðu trottar og hálftrottar ósigur á Sumarþingi SÍNE. Ástæða er til að hvetja allt framsækið námsfólk til að vera vel á verði á haustfundum SÍNE gegn uppgjafar- og klofningsstefnu trotskista.

Fréttaritari.

Fyrir hvern er njósnað?

Myndin hér að ofan er af Grétari Norðfjörð rannsóknarlögreglumanni. S.l. tvö ár hafa þátttakendur í framsæknum aðgerðum í Reykjavík horft á hann mynda sig með 200 mm linsu á myndavélinni sinni. Af honum hafa náðst margar myndir við iðju sína. Aðspurður, þann 1. maí, kvaðst hann vera "áhugaljósmyndari"! VERKALÝÐSBLAÐIÐ staðhæfir að Grétar Norðfjörð vinnur við að afla upplýsinga um og skrásetja kommúnista og andheimsvaldasinna. Slíkar persónunjósnir eru þekktar alls staðar á Norðurlöndum og víðar. Þær eru liður í því að undirbúa upprætingu á starfsemi stéttvíss verkalýðs, róttæks æskufólks, kommúnista og annarra framsækinna aðila.

BYGGÐARRÖSKUN Í ÞINGVALLASVEIT

Mjög oft má sjá og heyra mærðarlegar yfirlýsingar í borgaralegum fjölmiðlum um "fólksflóttann úr dreifbýlinu og hugsanleg ráð gegn honum". Víst er um það að þróun öll stefnir í átt til eyðingar ákveðinna byggðarlaga landsins, einkum þeirra sem teljast vera þannig landfræðilega sett, að "afar dýrt sé að viðhalda byggð þar". En enginn má halda að þeir sem "flýja" byggðir sínar, geri það allir að eigin frumkvæði. Staðreyndin er sú, eins og bent hefur verið á hér í VERKALÝÐSBLAÐINU, að yfirvöld og fjárplógsmenn landsins ýta undir byggðaeyðingu með öllum ráðum. Stundum er fólk beinlínis hrakið á braut - til bæjanna, þar sem hægara er að hirða arðinn af vinnu þess.

Uppboðshald á jörðum

Í Þingvallasveit og í Grafningi á byggðin mjög í vök að verjast og ólmast yfirvöld ákaflega og vilja gera búskap burtrækan úr þessum sveitum. Þetta er gert í nafni friðlýsingar ! umhverfisins, en er í raun bolabrögð ósvífinna peningapuxa sem vilja ná undir sig jörðum og landi og selja hæstbjóðendum fyrir gull. Náttúran er með öðrum orðum seld á uppboðum! Nú þegar hefur búskapur lagst niður á þremur samliggjandi jörðum í Þingvallasveit og voru þær lagðar undir svonefndan "þjóðgarð". Fleiri jarðir fara sömu leið á næstunni. Búskapurinn umhverfis Þingvallavatn er gerður illkleyfur með skipulögðum aðgerðum. Til dæmis má nefna að nokkrir bæir við vatnið hafa aldrei haft rafmagn !, og er þó ekki um langan veg að fara með raflínur. T.d. má benda á að frá Steingrímsstöð eru hvorki meira né minna en 5-8 km að bæjunum Miðfelli og Mjóanesi, en þeir hafa aldrei fengið rafmagn þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir bænda þar. Uppboðshaldarar náttúrunnar hafa enda litið jarðir þessar arðvænlegum augum og vilja búskap þar feigan sem fyrst.

Í annan stað er langt komið með að útrýma veiðinni í Þingvallavatni, en fiskurinn þar hefur löngum þótt drjúgt búsflag og er ein meginástæða þess að búskapur hefur ekki lagst þarna niður fyrir löngu. Ástæður þess að veiðin hefur minnkað eru margar, en helst er virkjunum í Soginu kennt um. Vatnsborð Þingvallavatnsins er hækkað eða lækkað, eftir því hvernig á stendur með orkuframleiðsluna, og hlýtur það að hafa ómæld áhrif á fiskinn. Vatnafiskurinn hrygnir á grunnu vatni, einmitt þar sem vatnsborðshreyfingarinnar gætir hvað mest og getur slíkt hæglega eyðilagt klakið. Til dæmis má nefna, að 1974 var mikil veiði í vatninu framan af sumri, en svo brá við í vikunni eftir "þjóðhátíðina" miklu, að veiðin datt skyndilega niður úr öllu valdi. Engar skýringar á þessu lágu á lausu, nema e.t.v. þær að fiskinum hefði orðið flökurt af þjóðrembingsþvælunni sem landsfeðurnir gubbuðu úr pontu yfir þúsundirnar á völlunum og hefði hann hreinlega flúið vatnið. Síðar varð þó höfuðástæðan ljós. Tveimur dögum fyrir samkomuna hafði stjórnstöð Steingrímsstöðvar boðist boð um það, að vegna hæðar vatnsborðs Þingvallavatns væri hætta á því að kjölfatalöfin landsfeðranna vöknuðu eilítið. Var þessu afstýrt snarlega, og vatnsborðið lækkað niður um meira en 2 m! Eftir það fannst varla uggi í vatninu það sumarið.

Eins og fyrr segir er mikill ágangur peningamanna í jarðir á þessum slóðum og vaka þeir eins og hrafnar yfir hræjum yfir jörðum sem líkur eru á að séu að fara í eyði. Bjóða þeir þá gjarnan álitlegar fúlgur í jarðirnar og hafa sveitarfélögin í fæstum tilfellum bolmagn til þess að færa sér í nyt forkaupsrétt sinn á jörðunum og afstýra þannig kaupunum. Síðan er venjulegast að þessir peningamenn haldi uppboð á jörðunum og selji þær í hlutum undir sumarhús o.s.frv. Er gangverðið á einum hektara af góðu landi um ein milljón króna. Þannig heldur þróunin áfram, stig af stigi - sumarhöllunum fjölgar, búskapurinn

frh. bls. 5

FYRIR ÁRSLOK:

200 þús. kr. til Verkalýðsblaðsins

- **1/2 MÁN. BLAÐ**
- **NÝJA RITVÉL**

Kommúnísk útgáfustarfsemi hefur mikla þýðingu fyrir fjöldabaráttuna og fyrir áhrif Einingarsamtaka kommúnista í þá átt að hafa áhrif á og leiða baráttu verkalýðs og alþýðu allrar. Því er mikilvægt að sjónarmið byltingarsinna breiðist sem mest og víðast. Þessi sjónarmið eiga ekki upp á pallborðið hjá svonefndum "verkalýðsblöðum", svo sem Þjóðviljanum, Alþýðublaðinu og fleiri blöðum. Þessi blöð reyna skipulagt að draga úr baráttu fjöldans, lofsyngja þingsalapexið og þau reyna að gera byltingaröflin tortryggileg og reyna að reka fleyg á milli þeirra og alþýðunnar.

Þetta sýnir að VERKALÝÐSBLAÐIÐ þarf meiri útbreiðslu, hærri útgáfutíðni, markvissara efnisval o.s.frv. Við verðum að leggja krafta okkar í það að útbreiða byltingarsinnaða pólitík og þagga kerfisbundið niður í málpípum endurbótasinna og endurskoðunarsinna af öllum sauðarhúsum.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ á að útbreiða viðhorf EIK(m-l). En blaðið eiga lesendur þess að nota líka. Það er firna mikilvægt. Markmiðið er jú verkalýðsblað skrifað af verkafólki. Lesendur eiga að senda inn alls kyns efni sem erindi á í þetta blað. Lesendur eiga líka að senda ábendingar, fyrirspurnir og fl. og fyrir alla muni: reyna að taka þátt í þeirri umræðu sem fara þarf fram á síðum þess. Aðeins þannig getur blaðið vaxið upp í hlutverk sitt sem árðursmiðill og skipuleggjandi baráttu.

Takið þátt í mótun blaðsins!

Við ætlum að skapa lifandi baráttumálgagn. Við ætlum VERKALÝÐSBLAÐINU að vera þær trönur sem aðgerðir Einingarsamtakanna og alls verkalýðsfjöldans munu byggjast af.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur eflst mjög á þeim fáu mánuðum sem það hefur verið til. Blaðið er smám saman að ná tökum á viðfangsefni sínu og grípa inn í baráttu. Hins vegar er erfitt um vik að nota blaðið í beinni baráttu, þar sem það kemur aðeins út einu sinni í mánuði. Markmið okkar er því: Hálfsmánaðar VERKALÝÐSBLAÐ frá næstu áramótum! Þetta er mikilvægur áfangi í átt til þess að skapa á Íslandi kommúnískt dagblað. Hálfsmánaðar blað mun þýða aukinn slagkraft samtakanna - og áfram verður haldið að þróa blaðið. Ritstjórn VERKALÝÐSBLAÐSINS hefur áætlað að safna til blaðsins kr. 200.000 til áramóta, auk 200 nýrra áskrifenda. Ef þetta tekst, er mikilvægum áfanga náð og efnahagsgrunnur allur traustari.

Ef þú sem þetta lest, er einn þeirra fjölmörgu sem álíta að efling VERKALÝÐSBLAÐSINS sé brýn þá skorum við á þig að styðja þessa söfnun okkar með djörfung og dug.

STYÐJUM STARFIÐ VIÐ EFLINGU KOMMÚNÍSKS BLAÐS Á ÍSLANDI!

1/2 MÁN. BLAÐ '77 !

200 Áskrifendur **200 þ.** Krónur



Eins og sjá má hér að ofan, er söfnunin til VERKALÝÐSBLAÐSINS þegar komin vel af stað. En betur má ef duga skal! Við skorum á alla velunnara blaðsins að senda inn fé - gíróreikningurinn er nr. 12200.